Alþingi
Erindi nr. Þ 138/3132
komudagur 15.8.2010

Reykjavík, 15. ágúst 2010

Háttvirtur þingmaður:

Síðasta vetur sýndi þingheimur samstöðu í verki um óendanlega mikilvægt verkefni stjórnmálanna: Að tryggja vernd kvenna gegn heimilisofbeldi. Yfirgnæfandi þverpólitísk samstaða náðist þegar lögð var fram þingsályktunartillaga „[U]m skipun starfshóps um ofbeldi maka gegn konum frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins. "*

Undirritaðir fulltrúar fagna þeim víðtæka stuðningi sem tillagan nýtur á Alþingi. Hér með skorum við á þingmenn að láta kné fylgja kviði og samþykkja tillöguna meðan þingið starfar í september. Við vekjum athygli á að Alþingi þarf ekki að taka afstöðu til neinna efnislegra atriða, heldur einungis samþykkja einfalda tillögu um að koma starfshópnum til verka.

Skýrsla Kvennaathvarfsins frá síðastliðnum vetri sýnir að þær konur sem tillagan er skrifuð fyrir, búa við gríðarlegt ofbeldi af hálfu maka sem nýta sér að þær eru háðar þeim um landvist á Íslandi. Stjórnkerfið þarf að bregðast við þessu strax.

Það er von okkar sem skrifum undir að starfshópurinn verði tekinn til starfa á Kvennafrídeginum 2010, sem helgaður er kynbundnu ofbeldi. Það er ekki eftir neinu að bíða.

Með bestu óskum um gott gengi í september,

F.h. Samtaka um kvennaathvarf: Sigþrúður Guðmundsd.

F.h. Samtaka kvenna af erlendum uppruna:

F.h. Jafnréttishúss:

F.h. Landnemans:

F.h. Mannréttindaskrifstofunar

F.h . Stígamóta Anna Þóra Kristinsdóttir

F.h. Skottana, samstarfsvettvangur íslensku Kvennahreyfingarinnar

F.h. Kvenréttindafélags Íslands

F.h. Landssambands Soroptimista

F.h. UNIFEM

F.h. Kvennaráðgjafar

* 329. mál, 138. löggj.þing, fim. Anna Pála Sverrisdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Illugi Gunnarsson, Ásmundur Einar Daðason, Margrét Tryggvadóttir, Þráinn Bertelsson o.fl.

F.h. Thailensk-Íslenska félgasins

F.h Filippínsk-íslenska félgagsins

F.h. Neyðarmóttöku vegna nauðgunar

F.h. Femínistafélagsins Háskólans

F.h. Kvennfélagasambandsins Íslands

F.h Feministafélags Íslands Halla Gunnarsd